

Á aðventu

Kristófer Tómasson sveitarstjóri

Það hyllir enn á ný undir að við kveðjum ár. Framundan er hátíð frelsarans. Flestum er hátíðin gleðiefni. En því er ekki að neita að fyrir sumum er hátíðin kvíðvænleg. Því getur valdið einmannaleiki söknuður og ekki síst bágur fjárhagur. Mér finnst í hrein-skilni sagt að árin fljúgi allt of hratt framhjá. En enginn stöðvar tímans þunga nið eins og segir í þekktum söngtexta. Við sjáum á eftir samferðafólki fara yfir móðuna miklu, en aðrir koma í stað blessunarlega. Hjá okkur, íbúum þessa sveitarfélags hefur árið verið mörgum öðrum árum líkt að mér virðist. Ég vil meina að almennt séu lífskjör íbúa hér í samfélaginu okkar nokkuð góð. En eins og annarsstaðar er hagur fólks misjafn.

Fjármálin um þessar mundir

Að undanfögnu hefur vinna við gerð fjárhagsáætlunar verið fyrirferðarmesta verkefni sveitarstjóra. Fyrsta umræða um áætlunina var tekin 6. nóvember, auk þess voru haldnir vinnu-

fundir um áætlunina. Með sveitarstjórn og skóla- og leikskólastjórum. Lokaumræðan verður tekin 11. desember næstkomandi. Það er ljóst að staðir fyrir tekjur sveitarfélagsins er nægir. Útlit er fyrir að afkoma ársins 2020 verði þolanleg, en ekki meira en það. Of snemmt er að segja til um afkomu ársins sem er að líða, en fljótt á litið virðist hún ætla að verða mun lakari en á síðastliðnu ári. Margar breytur koma fram í dagsljósið í lok ársins sem geta fallið rekstrinum í vil eða í óhag. Stærsti málaflokkurinn sem fyrr eru fræðslumálin, hann stígur umtalsvert milli ára. Kostnaður við sorpbjónustu er mjög vaxandi og ekki umflúið að hækka gjaldskrár í þeim efnum. Þá taka samlögin sem við eigum aðild að mikið til sín. Þar má nefna að framlag sveitarfélagsins til Brunavarna Árnessýslu er á þessu ári um 20 milljónir króna.

Verkefni á árinu

Eitthvað hefur komist í verk, en óneitanlega heyrir maður að sumum finn-

ist þörf á að gera betur. Við höfum lokið við að koma malbiki á götur og gangstéttar sem þegar eru til staðar í þéttbýlis-kjörnum. Umhverfi við félagsheimilið og skóla var lagfært með endurnýjun gangstétta. Nýtt aðalskipulag mun taka gildi innan skamms sem og friðlýsing í Þjórsárdal. Nú í nóvember veitti forsætisráðherra sem eigandi Þjóðlendna, samþykki sitt fyrir samningi um leigu á landi í Reykholti í Þjórsárdal um byggingu baðlóns og hótels.

Framundan

Ætla má að ofangreindar framkvæmdir í Þjórsárdal hefjist á næsta ári og verði lokið 2023 -24. Það er ljóst að þeirri uppbyggingu munu fylgja mikil umsvif og allmörg framtíðarstörf. Ég hef trú á að það verði samfélaginu til hagsbóta.

Það er þörf á að framkvæma talsvert og halda eignum við. Meðal þess sem fyrirhugað er að framkvæma er umtalsverð lagfæring á húsnaði

leikskólans. Þar er um að ræða framhlið á millibyggingu og smíði milli-lofts. Það er þörf á að áframhaldandi gatnagerðarframkvæmdum í hverfunum. Við erum með stóran skammt af fasteignum sem ekki má slá slöku við að viðhalda. Ég vildi óska þess að ég gæti fært ykkur tíðindi og loforð um samgöngubætur. Það er ekki svo gott. En ég og sveitarstjórnin mun halda áfram að hamra járn. Ekki skulum við útiloka að eitthvað þokist í rétta átt á næsta ári. Lagfæringar áttu sér stað á tengivegum á árinu sem senn kveður. Sumir hafa gagnrýnt þær, en ég lít svo að þær hafi komið umtalsvert til góða.

Framkvæmdir við göngubrú í námunda við Þjófafoss eru í bígerð. Það er mótvægisáðgerð af hálfu Landsvirkjunar. Við búumst við að það verk hefjist á árinu 2020.

Ég færi ykkur bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á nýju ári. Hafið þökk fyrir árið sem er senn liðið.

*Bestu óskir um gleðilega jólahátíð,
farsæld og frið á komandi ári til íbúa,
sumarhúsaeigenda og samstarfsfólks.
Kærar þakkar fyrir samskiptin á árinu
er senn kveður.*

*Sveitarstjórn og starfsfólk
Skeiða- og Gnúpverjahrepps.*

Molar úr fundargerð 32 (20. nóv)

Rauðikambur samkomulag. Lagt fram undirritað samkomulag milli sveitarfélagsins og Rauðakambs ehf um lóðarleigu við Reykholt í Þjórsárdal til uppbyggingar ferðapjónustu. Landið er þjóðlenda og er það því einnig undirritað af fulltrúa forsætisráðuneytis. Samningur staðfestur með fjórum atkvæðum. Anna Sigríður Valdimarsdóttir sat hjá og lagði fram eftirfarandi bókun: Eins og ég hef áður lýst, tel ég að með því að heimila uppbyggingu einkaaðila á þjóðlendu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sé sveitarfélagið að setja fordæmi sem erfið geti verið að standa undir, komi til þess að fleiri séu eftir að njóta viðlíka forréttinda. Þess fyrir utan þykja mér þessi áform ógæfuspör með tilliti til náttúru og menningarminja sem fyrirfinnast á svæðinu. En það eru önnur sjónarmið en þau að varðveita náttúru og menningu sem ráða för hér. Eftir sem áður, tel ég hins vegar óeðlilegt að greiða atkvæði í þessu máli vegna nokkurra afskipta af framtíðaráformum svæðisins áður en ég settist í sveitarstjórn.

Fasteignagjöld álagningarprósentur 2020. Lögð fram tillaga að álagningarprósentu Fasteignagjalda í sveitarfélaginu 2020. A-flokkur. Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr.4/1995 verður 0,40% af heildar fasteignamati.

B-flokkur. Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1,32 % af heildarfasteignamati. C-flokkur. Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og öðrum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. Í lögum nr. 4/1995 verður 1,65% af heildarfasteignamati. Gjald dagar fasteignagjalda 2020 verði 10. í samræmi við það sem lög og reglur heimila. Álagningarhlutfall fasteignagjalda samþykkt samhljóða.

Afsláttur af fasteignaskatti fer eftir samþykktum sveitarstjórnar frá 7. febrúar 2006. Samkvæmt 3.grein þeirrar samþykktar geta þeir sem eru eldri en 67 ára og þeir sem eru 75% öryrkjar eða meira sótt um afslátt á fasteigna-

gjöldum þeirrar íbúðar sem þeir búa í og ekki er nýtt af öðrum, tekjuviðmið er í lið 7. Lagt er til að afsláttur á fasteignagjöldum taki breytingum frá árinu 2019 í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverð á tímabilinu 1. des 2018 til 1. des 2019. Tillaga um afslátt af fasteignagjöldum samþykkt samhljóða.

Útsvar 2020. Lögð fram tillaga um að útsvarsprósenta fyrir árið 2020 verði 14,48%. Samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun önnur umræða. Sveitarstjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun 2020-2023 og greindi frá framvindu við vinnslu áætlunarinnar. Talsverðar umræður urðu áætlunina. Vinnufundur var haldinn í sveitarstjórn 19. nóvember sl. Samþykkt að lokaumræða fjárhagsáætlunarinnar fari fram 4. desember nk.

Heilsuefandi samfélag. Í undirbúningi er að sveitarfélög í uppsveitum Árnessýslu sameinist um ráðningu verkefnisstjóra að verkefninu „Heilsuefandi samfélag“. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í undirbúningi að þátttöku verkefnisins. Sveitarstjóra falið að afla nánari upplýsinga um verkefnið. Þar með talið að afla upplýsinga um kostnað sveitarfélagsins við verkefnið. Í framhaldi verði gert grein fyrir kostnaði í fjárhagsáætlun næstu ára.



NESLAUG

Sími: 486-6117



Vetraropnun sept-maí
Miðvikudaga: 17-22
Laugardaga: 13-18
Sunnudaga: 13-18*
*í september og maí



SKEIÐALAUG

Sími: 486-5500



Vetraropnun sept-maí
Mánudaga: 18-22
Fimmtudaga: 17-22

Umsjónarmaður: Eyþór Brynjólfsson s: 897-1112 eythorb@gmail.com



Getraunanúmer
Ungmennafélags Skeiðamanna
799
Við styðjum UMF Skeið með þátttöku okkar!



Getraunanúmer
Ungmennafélags Gnúpverja
802
Við styðjum UMFG með þátttöku okkar!

Gámasvæðin



Opnunartími:

Við Árnes:
Þriðjudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 10-12

Í Brautarholti:
Miðvikudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 13-15

Fata- & dýragámar eru opnir allan sólarhringinn
Tekið er við garðaúrgangi úr jurtaríkinu í Skafttholti alla daga
(Til vinstri á heimreið)

Áburðarpokar eru tveggja laga. Ekki er lengur þörf á að taka byrðin í sundur. Allt má fara saman í einn poka til endurvinnslu. Það má nýta áburðarpokana undir laust rúlluplast og skila því þannig á Gámasvæðin eða láta sorpbílana taka pokana með öðru rúlluplasti.

Gjaldskyldur úrgangur: Almennur óflokkaður úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum. Blandaður óflokkaður úrgangur. Timbur málað og ómálað. Vörubretti. Húsgögn. Gler. Gifs og gifsplötur. Steinefni/múrbrot. Annar grófur úrgangur. Hjólbarðar m/felgum.

Gjaldfrjáls úrgangur: Hreinar plastumbúðir. Annað flokkað plast (hreint). Bylgjupappi. Dagblöð/tímarit/pappír. Fernur. Flokkaðir málmar. Hjólbarðar. Raftæki.

Umsjónarmaður: Bjarni Jónsson GSM: 892-1250
Netfang: bjarni@skeidgnup.is

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps Árnesi 801 Selfoss

Opnunartími: Mánudaga til fimmtudaga: 9-12 & 13-15 og föstudaga: 9-12
Sími: 486-6100, netfang: skeidgnup@skeidgnup.is

Sveitarstjóri:
Kristófer A. Tómasson
486-6113 & 861-7150 kristofer@skeidgnup.is

Oddviti: Viðtalstími miðvikudaga kl 13-16
Björgvin Skafti Bjarnason
895-8432 oddviti@skeidgnup.is

Bókhalds- og launafulltrúi: Þuríður Jónsdóttir
486-6104 dudda@skeidgnup.is

Ritari & vefumsjón:
Kristjana H. Gestsdóttir, 486-6105 kidda@skeidgnup.is

Áhaldahús/Þjónustustöð
Ari Einarsson
893-4426 ari@skeidgnup.is
Bjarni Jónsson
892-1250 bjarni@skeidgnup.is

Leikskólinn Leikholt
486-5586, leikholt@leikholt.is
Leikskólustjóri: Elín Anna Lárusdóttir 895-2995

Þjórsárskóli
Sími 486-6000
Skólustjóri: Bolette Høeg Koch
486-6051 & 895-9660 bolette@thjorsarskoli.is



Minningarkort Stóra Núpskirkju
fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur: 486-6017

Minningarkort Ólafsvallakirkju
fást hjá
Guðjóni Vigfússyni: 896-5736



Fréttir frá Þjórskóla

Dagur íslenskrar tungu og danssýning

Við höldum Dag íslenskrar tungu hátíðlegan fimmtudaginn 14. nóvember. Að þessu sinni var dagurinn helgaður Þórarni Eldjárn. Flutt voru vísur og kvæði og að lokum var söngur undir stjórn Guðmundar Pálssonar.

Í haust fengu nemendur danskennslu frá Silju Þorsteinsdóttur í 10 vikur. Þemað var Michael Jackson. Það er búið að vera gaman að fylgjast með áhuga nemenda á dansinum og sýndu þeir afraksturinn á flottri

danssýningu þennan dag.

Aðventukvöld

Fyrsti sunnudagur í aðventu var 1. desember og þá tókum við þátt í árlegri skemmtun í Árnesi. Þar léku börnin helgileik og sungu lög sem þau hafa verið að æfa í tónmennt. Einnig sungu þau Fögur er foldin með kirkjukórurum í sveitinni. Sóknarnefndin bauð síðan gestum upp á kaffiveislu. Hátíðleg stund sem markar upphaf jólaundirbúnings hjá mörgum í sveitinni.

Hátíðarkveðja frá starfsfólki Þjórskóla.



Heilsugæslustöðin Laugarási



432-2770

Opið virka daga kl. 8-16

Símatímar lækna kl. 9-10 & 13-14

Lyfjaendurnýjun er milli kl. 8-9 í síma 432-2020.

Einnig rafrænt á www.heilsuvera.is

Utan opnunartíma er þjónusta lækna á Selfossi. Sími vaktþjónustu lækna og hjúkrunarfræðinga er 1700

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings. Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðumaður ragnheidur@arnesthing.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180

Í neyðartilvikum hringið í 112



Sölumarkaður í Ásaskóla fyrir jólin

Laugardaginn 14. des. frá kl 13 til 17

Sunnudaginn 15. des. frá kl 13 til 17

Mánudaginn 16. des. frá kl 17 til 19

Þriðjudaginn 17. des. frá kl 17 til 19

Eða eftir umtali ef þessir tímar henta ekki.

Á boðstólum eru ýmsar vörur tilvaldar í jólapakkann svo sem skartgripir og skrautmunir úr perlum, roði og skinni. Treflar, húfur og vettlingar, heimaunnið jólaskraut og síðast en ekki síst sulta og baðsalt með rósablöðum úr garðinum í Ásaskóla.



Komið og fáið ykkur kaffi í rólegheitum. Jólalögin á fóninum.

Katrín og Stefán Ásaskóla, s. 4866047 / 8986047



Leikskólinn Leikholt

Í Leikholtri er alltaf margt um að vera.

Þann 8. nóvember er Baráttudagur gegn einelti og hittust þá börn af báðum deildum í salnum. Þau ræddu hvað einelti væri og sungu um vináttu með honum Blæ bangsa og áttu góða stund saman (sjá mynd).

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur hér í Leikholtri föstudaginn 15. nóvember. Börnin sungu mörg falleg íslensk lög fyrir foreldra, eldri borgara og aðra góða gesti (sjá myndir). Vel var mætt á viðburðinn og börnin stóðu sig með þryði. Við þökkum öllum fyrir komuna og þökkum einnig þeim sem styrktu okkur í kaffibodinu eftir sönginn.

Öfugsnúin rugl dagur 21. nóvember þá mættu mörg börn og starfsmenn í fótunum sínum úthverfum, á röngunni og alls konar öfugsnúið. Þessi dagur var kosinn af eldri börnunum í Vörðufelli sem nýttu lýðræði sitt að kjósa um öðruvísi dag.

Óskar Prestur er búinn að koma hér 3 sinnum í heimsókn til okkar í Leikholt að segja okkur sögur og syngja með okkur. Börnin eru alltaf spennt fyrir þessum heimsóknum og sérstaklega þegar fuglinn Konni kemur með.

Við viljum vekjum athygli foreldra á breytingu í skóladagatalinu okkar, litlu jólin okkar verður miðvikudaginn 18. desember 2019 kl. 13:30, fyrst leikrit með álfunum Þuru og Þorra, jólaball og síðan borðaðar piparkökur og drukkið kakó.

Með fylgir fundargerð umhverfisnefndar, en þau voru mikið að fjalla um flokkun, endurnýtingu og plast-ið.

Að lokum viljum óska öllum góðra stunda á adventunni og gleðilegrar hátíðar, allir í Leikholtri.

Umhverfisnefndarfundur 26.nóvember 2019

Mættir: tveir elstu árgangar (fædd 2014 og 2015), verkefnisstjóri/deildarstjóri.

Sirry setti fundinn og bauð umhverfisnefnd velkomna á umhverfisnefndarfund. Kíktum yfir markmið vetrarins

Neysla og úrgangur Að börnin læri framkvæmd og tilgang flokkunar á úrgangi og fræðist um endurvinnsluferlið, frá því að úrgangurinn er sóttur til okkar og þar til hann er enduruninn.

Við erum dugleg að flokka – En af hverju?

Við viljum ekki eiga skítuga jörð með rusli heldur hreina og heilbrigða jörð.

Við viljum ekki setja mikinn úrgang í almennu tunnurnar því að sá úrgangur fer í urðun. Alltof mikið plast í urðunarúrgangi.

Svo að vatnið okkar haldist hreint

Viljum ekki að sjórinn okkar fyllist af rusli og dýrin borði það og verði veik.

Svo að við þurfum ekki alltaf að vera að höggva fleiri og fleiri tré til þess að búa til nýjan pappír.

Neysla og úrgangur Að leikskólinn verði að mestu plastlaus

Erum að standa okkur vel. Engir plastpokar notaðir nema í neyð. Ræddum um endurnýtingu á plasthlutum. Næst ætlum við að skoða PLA umbúðir! Ræddum um það hvaða umbúðir væru úr plasti og hvort hægt væri að kaupa svipaða vöru úr fernum. Ætlum að minna fólk á að nota margnota poka alls staðar þar sem fólk þarf poka, líka í Bónus og Krónunni.

Notuðum Google og skoðuðum skaðsemi plastics í náttúrunni – vorum öll sammála um að við myndum gera okkar besta til þess að minnka plastnotkun okkar og minna aðra á.

Næsti fundur verður í lok janúar 2020

Fundi slitið

Sorpmálin í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2019

Á undanförunum mánuðum hefur sveitarfélagið unnið að innleiðingu á svonefndu Hringrásarhagkerfi í sorpmálum. Umhverfistofnun stendur að áttakinu í þeim tilgangi að minnka urðun og auka endurvinnslu á úrgangi með aukinni flokkun á úrgangi og sorpi sem fellur til hjá íbúum sveitarfélagsins.



Með góðri og réttri flokkun er hægt að lágmarka urðunar- og förgunar- kostnað á sorpi.

Á gámasvæðunum er í dag flokkað í 23 flokka á móttökustöðvunum í Árnesi og Brautarholtri.

1. Stærri gámar á uppkeyrslu rampi: Almennt sorp, grófur úrgangur, hreint timbur og járna og dekkjagámar.

Í byrjun desember 2019 bætist við nýr gámur undir litað og/eða gagnvarið timbur og plötur.

2. Gámar undir grænt efni: pappa, plast og málma frá heimilum.

3. Rúlluplast.

4. Til hliðar á plani er grár gámur undir glerkrukkur, annað gler, postulín og jarðefni, s.s. flísar, steypu- og múrafanga.

5. Móttaka á ökutækjum til förgunar. Frágangur skjala til úrvinnslu-sjóðs vegna endurgreiðslu á úreld-ingargjaldi.

6. Raftæki í þremur flokkum: a) Stærri raftæki, b)minni heimilis-tæki, c) smáraftæki og rafmagns-kaplar.

7. Nokkrir flokkar af spilliefnum: Plastmálning, kitti og sparsl, olíumálning / fúavarnarefni, olíuaf-gangur/smurefni.

8. Dýragámur.

Gjaldfrjáls úrgangur.

9. Rafgeymar

10. Kertaafgangar

11. Lyfjaafgangar frá dýrahaldi og tómar lyfja umbúðir frá heimilum (ath. má líka skila í Apótek)


12. Skaftholt tekur við garðaúrgan-gi og afklippum trjáa alla daga, all-an daginn (til vinstri á heimreið.) EKKI er tekið við þessum úrgangi á gámasvæðunum!

13. Rafhlöður

14. Fatagámur til endurnýtingar.

15. Endurnýtanlegir hlutir.

*Jóla Sveiða. Bjarni Jónsson
umsjónarmaður gámasvæðanna.*



Kostnaður við förgun og eyðingu á sorpi hefur aukist gríðarlega á árinu þar sem sorp er flutt milli lands-hluta og nú er einnig farið að flytja það út til Evrópu til brennslu í full-komnum sorpbrennslum sem fram-leiða rafmagn. Við brennsluna er framleitt rafmagn og einungis 10% verður eftir og er það notað t.d. í mürsteinaframleiðslu. Með þessari brennslu er verið að leysa af hólmi kjarnorku og kol! Hægt er að flytja út allt brennanlegt sorp sem hægt er að pressa í stórbagga.

Til að stuðla að þessum markmiðum hefur flokkun á gámasmóttöku svæðum verðið aukin og stefnt að aukinni flokkun á komandi mánuðum.

Sveitarfélagið hefur keypt gáma undir jarðefni og einnig 20 feta gáma undir ýmis spilliefni og úrgang til endurvinnslu.

Þá er mikilvægt að allt timbur sé rétt flokkað, hreint timbur og hreinn krossviður saman í gám og allt ann-að timbur, gagnvarið, allar plötur og málmað/lakkað timbur sér. Mikill munur er á urðunargjaldi á hreinu eða lituðu timbri

Velkomin í vefverslun Vélavals!



Fylgdu okkur á facebook

Sími: 453 8888

Skráning á póstlista

VÖRUR

UM VÉLAVAL



VÖRURNAR OKKAR



Vélar og tæki

VélaVal er með umboð fyrir nokkrar gerðir af landbúnaðartækjum



Fyrir gripahúsið



Varahlutir



Verkfæri og áhöld



Festingar



Úti



Fóður



Hreinlætisvörur



Rekstrarvörur véla



Fatnaður



Gæludýr

Nútíma viðskiptahættir - Nútíma þægindi

Við bjóðum ykkur velkomin á nýja heimasíðu með vefverslun fyrir nútíma bændur.

Á heimasíðunni er auðvelt að versla varahluti og rekstrarvörur hjá VélaVal.

Við sendum hvert á land sem er.

Í tilefni af opnun nýrrar heimasíðu er eldrauður desember með fullt af tilboðum!

Tilboð á haugdælum og tækjum frá Sulky.

20% afsláttur af öllu drifskiftsefni ásamt rekstrarvörum á 5 fyrir 4 tilboði.



VÉLAVAL
www.velaval.is

Við Norðurlandsveg
560 Varmahlíð
s. 453 8888



www.hruni.is

facebook.com/hrunaprestakall

Kæru sveitungar.

Helgihald um hátíðarnar verður með hefðbundnu sniði eins og sjá má hér að neðan. En núna fyrir jólin, nánar tiltekið laugardaginn 14. desember kl. 11, verður jólakirkjuskóli í Hrepphólakirkju. Þar ætlum við að syngja jólalög, heyra jólasöguna og fá okkur síðan hressingu á eftir í safnaðarheimilinu. Alveg ljómandi uppskrift að góðum morgni fyrir alla fjölskylduna. Fyrir hönd sóknarnefndanna fjögurra vil ég síðan minna þau á sem nýta sér rafmagn fyrir leiðiskrossa í kirkjugörðunum að ganga frá greiðslum við viðkomandi kirkjugarð en nánari upplýsingar um það eru hér að neðan.

Helgihald um jól og áramót

24. desember - aðfangadagur:
Guðsþjónusta á jólanótt í
Stóra-Núpskirkju kl. 23.

25. desember - jóladagur:
Hátíðarmessur. Hrunakirkja kl. 11
og Ólafsvallakirkja kl. 14. Ljós-
guðsþjónusta á jóladagskvöld
Hrepphólakirkju kl. 22.

31. desember - gamlársgangur:
Guðsþjónusta í Tungufellskirkju
kl. 14 og aftansöngur í Stóra-Núps-
kirkju kl. 16.

5. janúar: Nýársmessu í Hrepphóla-
kirkju kl. 11. Þjóðlegur hádegis-
verður á eftir.

Sjáumst í kirkju um hátíðarnar.
Guð okkur gefi góða aðventu og
gleðileg jól.

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur

Hugguleg jólastund með Kolbrúnu Kötlu og Ljósbrá

Senn líður að jólum og tími jólatónleika fer í hönd. Þar á meðal verða jólatónleikar Kolbrúnu Kötlu og Ljósbrá. Um er að ræða tvö tónleika, í Villingaholtskirkju 18. desember og í Stóra-Núpskirkju 19. desember. Hefjast báðir tónleikarnir kl 20:00.

Kolbrún Katla og Ljósbrá stunda báðar söngnám við Tónsmiðju Suðurlands. Í janúar leggja þær land undir fót og hefja frekara söng- og tónlistarnám við Odder Højskole í Danmörku. Nám sem þetta er kostnaðarsamt og því vaknaði sú hugmynd að halda jólatónleika til að fjármagna ferðina og námið að

einhverju leyti, en um leið öðlast dýrmæta reynslu fyrir framtíðina.

Á tónleikunum verður boðið upp á fjölbreytt úrval jólalaga, bæði gömul og góð en einnig nokkur í nýrri kantinum. Stefán Þorleifsson mun leika undir á píanó.

Aðgangseyrir er 2500 kr en ókeypis er á tónleikana fyrir 12 ára og yngri. Athugið að enginn posi verður á svæðinu.

Allir eru hjartanlega velkomnir að eiga með okkur huggulega og notalega jólastund rétt áður en jólahátíðin sjálf gengur í garð.




Kæru viðskiptavinir og sveitungar



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Þökkum viðskiptin



SELÁSBYGGINGAR ehf
Reisum með reisn Sími: 894-4142

FJARSKIPTAFÉLAG
SKEIÐA- & GNÚPVERJAHREPPS

ljós@skeidgnup.is
Sigvaldi K. Jónsson: 863-4111
Jón Hákonarson: 669-0095



Ábyrgðarmaður:
Kristófer A. Tómasson
Umsjón og umbrot:
RS-útgáfan/Stefán Þorleifsson
Heimasíða: www.skeidgnup.is
Netfang: frettabref@skeidgnup.is


Blaðinu er dreift ókeypis á öll heimili og fyrirtæki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
Upplag: 360 eintök.

HUNDAFANGARI

RAGNAR SIGURJÓNSSON

859-9559

Tökum að okkur alla almenna smíðavinna



SELÁSBYGGINGAR ehf
Reisum með reisn Sími: 894-4142

Orðsending frá sóknarnefndum:

Sóknarnefndir minna á að greiða þarf fyrir hvern leiðiskross sem tengdur er rafmagni 1000 krónur.


Hægt er að leggja upphæðina inn á reikning viðkomandi kirkjugarðs.

Stóri-Núpur: 0152-05-264429 kt. 491098-3339

Ólafsvellir: 0152-15-371512 kt. 490269-3399

Hruni: 0325-26-18952 kt. 640169-2229

Hrepphólar: 0325-26-9068 kt. 640169-3039



Munið að

allar fundargerðir má
finna á www.skeidgnup.is

Fréttapistill félags eldriborgara

Samvera síðastliðins vetrar endaði á að félagarnir fóru í Hótel Grímsborgir 10. maí og fengu þar veislukaffi. Ólafur Laufdal hóteleigandi sagði frá starfsemi og uppbyggingu staðarins og sýndi okkur alla aðstöðu sem er hin glæsilegasta. Að því búnu var komið við á Ormstöðum/ Ártanga og skoðuð garðyrkjustöðin, þar voru móttökur höfðinglegar. 20 félagar fóru og veður gott. 26. júní var farið og skoðað nýja hótelið í Hnausi, og þar var borðaður kvöldverður. Anna Dóra hóteltjóri sagði frá uppbyggingunni og Gísli faðir hennar frá baðaðstöðu og gufubaði, staðnum sjálfum, skógræktinni og útsýni í grennd. Þess má geta að hótelið og aðrar byggingar í Hnausi fá heita vatnið úr Áshildarmýri. 22 félagar fóru í ferðina.



Þá var og farin haustferð um Suðurnes 4. sept. farið um Óseyrarbrú og í Selvog, Strandakirkja skoðuð og áfram um Suðurstrandarveg að Herðisarvík

þar sem Rosemary fararstjóri sagði frá Einari Benediktssyni sem bjó þar síðustu æviár sín, og las svo kvæðið „Fáka“. Þá var haldið til Grindavíkur og borðað í Salthúsinu. Þangað kom



leiðsögumaður sem sagði frá því helsta í Grindavík fyrr og nú. Áfram var haldið og nú til Sandgerðis og síðan í Garðinn og skoðað þar ýmislegt. Á Reykjanesbrautinni voru svo

allir bílar stöðvaðir af lögreglu í a.m.k. hálf tíma því M. Pence varforseti Bandaríkjanna var á leið á Keflavíkurflugvöll. Þá var stefnt á Þingvöll og komið þangað kl. 18.00,

Eyþór Brynjólfsson og Rosemary stjórnuðu. Ávallt er veislukaffi eftir fundi. 26. okt var farið á kveðjutónleika Álftagerðisbræðra í Hörpunni, byrjað á að borða humarsúpu, tveggja tíma söngur og allir skemmtu sér hið besta. 30 fóru í ferðina. 1. nóv. samverufundur í Bókahúsi. Þrándur og Sigfinnur minntust Erlings á Sandlæk sem féll frá 26. okt.s.l. Erlingur var einstakur liðsmaður í þessum félagsskap og hafði oft eitthvað í töskunni, eins og hann orðaði það gjarnan sjálfur. Þá flutti Bjarnheiður erindi og sýndi myndir. Rosemary sagði frá áformum um væntanlega ferð næsta sumar 18. til 20. júní til Stykkishólms, buið að panta 20 herbergi og skráning stendur yfir. 15.nóv. buðu leikskólabörnir eldri borgurum að koma og sjá dagskrá sína á degi íslenskrar tungu, kynntu sig, sungu nokkur lög og dönsuðu undir stjórn Helgu Kolbeinsd. 29. nóv. bauð sveitarstjóri eldri borgurum í Árnes, þar kom Gunnar Gunnarsson íþróttافرæðingur og talaði um hreyfingu sem heilsuefingu og sýndi skyggjur um árangur af hreyfingu og hollum lífsháttum. Þá kom og Skúli Thorodden sem las úr nýútkominni bók sinni „Ínu“ sem er um konu sem kom til Íslands í leit að unnusta sínum og félag hans, sem talið er að hafi druknað í Öskjuvatni árið 1907. Svo er jólafundurinn áformaður 13. des.n.k.

Ágætu lesendur þetta er svona úrdráttur af því sem þessi félagsskapur hefur aðhafst seinni hluta ársins.

Með jólakveðju. Bjarni Ófeigur.

ÁRBORG
www.arnes.is



Opnunartími um jól og áramót:

23. des: Þorláksmessa 10-15

24. des: Aðfangadagur 10-15

25. des: Jóladagur Lokað

26. des: 2. jóladagur 13-15

31. des: Gamlársdagur 10-15

1. jan: Nýársdagur Lokað

*Óskum viðskiptavinum okkar og öllum landsmönnum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári*

ÁRBORG verslun og veitingasala - Sími: 486-6006



Kveðja frá Kvenfélagi Gnúpverja



Fyrir jól ár hvert hefur Kvenfélag Gnúpverja gefið til góðgerðasamtaka í nafni eldri borgara í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Að þessu sinni var gefin dágóð upphæð í "Sjóðinn góða" Árnassýslu. Sjóðurinn góði er samstarfsverkefni sóknarkirkja í Árnassýslu, Rauða krossins, félagsþjónustu Árborgar, félagsþjónustu Árneshlíða og ýmissa félagsamtaka í Árnassýslu. Þetta samstarf hefur staðið síðan árið 2008 og hefur þann tilgang að veita aðstoð fyrir jólahátíðina til handa þeim sem ekki eiga fyrir nauðþurftum.

Jólaball, Brautarholti 29.des. kl.15

Að þessu sinni sér Kvenfélag Gnúpverja um Jólaball fyrir börnin, en Kvenfélögin í sveitarfélaginu hafa skipt því á sig á milli ára. Þetta árið verður það haldið í Brautarholti sunnudaginn 29. desember kl.15.



Við hugsum þetta "Pálínuboð" þar sem allir koma með eitthvað á hlaðborð, en boðið verður uppá drykki. En vinsam-

lega virðið hnetu og skelfiskofnæmi.

Jón Bjarnason sér um fjörið og eflaust koma einhverjir fleiri kátir karlar í heimsókn.

Kvenfélagið óskar ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Með þökk fyrir stuðning og hlýhug á 90 ára afmælisári félagsins.

Kærleikskveðjur,
Kvenfélag Gnúpverja



Fréttir af æskulýðsstarfi Loga og Smára

Námskeiðin verða nokkur á næsta ári. Öll námskeiðin verða einstaklingsmiðuð en við leggjum áherslu á mismunandi hluti í hvert sinn.

Jan: Fimi og tölt, kennari Rósa Birna.

Feb: Smali og fjörgangur, kennari Klara Sveinbjörns.

Mars: Hindrunastökk og fimmgangur, kennari Anna Kristín.

Minnum á æsku Suðurlands, það er sameininleg mótarið sem hestamannafélögin á Suðurlandi standa fyrir. Mótin verða 1. mars á Selfossi, 15. mars á Flúðum og 29. mars á Hellu, nánar auglýst síðar.

Apríl: mynsturreið og trek. Kennari Anna K.

Apríl: Byrjendanámskeið á Húsatóftum, kennari Elin.

Mai: Undirbúningur fyrir landsmót.

Júní: Námskeið í Hrísholti.

Júlí: námskeið í Hrísholti, kennari Kristín.

Öll námskeið og viðburðir verða svo auglýst nánar þegar nær dregur. Ef einhverjar spurningar koma upp endilega hafa samband smarakrakkar@gmail.com. Jólakveðja stjórnin.

Leikfimi fyrir konur í Brautarholti

Nýtt 6 vikna námskeið byrjar 7 janúar 2020 og verður tvisvar í viku; á þriðjudögum og á fimmtudögum frá kl. 19-20. Fjölbreyttir og skemmtilegir tímar. Námskeiðið kostar 9.000,- með húsaleigu – einnig er hægt að taka hálf námskeið og kostar það þá 5000,-.

Þjálfari er Elin Moqvist, hóptíma og foamflex kennari - Allar velkomnar.



Workouts for women in Brautarholt

A new 6 week course starts January 7th 2020 and will be twice a week; on Tuesdays and Thursdays from 19-20. Varied and fun times. The course costs 9,000,- with the house rent – you can also take half a course and it costs 5,000,-.

Coach is Elin Moqvist – Everybody is welcome.



Jólasteikurnar komnar í kjötbörðið
Hamborgarhryggir, Sveitaskinka (sænsk jólaskinka),
Purusteikur úr hrygg, síðu og bóg
Reyktur hnakki úrbeinaður, ásamt ýmsu öðru góðgæti

2 0 1 9

Opið: Þriðjudaga og miðvikudaga 11:00-17:00
 Fimmtudaga og föstudaga 11:00-16:30
 Laugardaga 13:30-16:30